
Brotið samfélag

Flutt í Víkinni sjóminjasafni

Haukur Sigvaldason 6. janúar 2015




Dalvík er lítið sjávarþorp við norðurströnd Íslands og þar hefur útgerð trúlega verið stunduð frá landnámi. Ég er alinn upp í þessu samfélagi þar sem allt snérist um sjóinn og sjósókn á trillum og stærri bátum. Ég fer að muna eftir mér rúmlega fjögurra ára og hún móðir mín hefur alloft orðið hissa þegar ég hef rifjað upp atvik og minningarbrot frá þeim tíma er pabbi var á lífi.

Sigvaldi Stefánsson, pabbi minn, var vélstjóri á Bjarma EA 760 sem var smíðaður í Danmörku 1955 og var 58 tonn að stærð. Pabbi ákvað að taka sér frí á vetrarvertíðinni 1963 en þá stundaði Bjarmi veiðar frá Keflavík.



Pabbi var að brasa í hinu og þessu heimafyrir til að byrja með en varð eirðarlaus síðari hluta vetrar og fór að stunda sjóinn með Gunnari bróður sínum á Val EA 110 sem gerði út á línu og þeir bræður fórust með honum í hamfaraveðrinu sem brast á í dymbilvikunni að morgni þriðjudags þann 9. apríl 1963. Esjan kemur að þeim og býður þeim að yfirgefa bátinn en Gunnar skipsstjóri hafnaði því en bað þá um að fylgja þeim fyrir Gjögrahrygginn en þeirri ferð lauk áður en þeir náðu svo langt.



*Sigling M/S Eja frá Hásvík til Akureyrar 9. apríl 1963.
Leiðarlýsing af siglingunni skráð árið 2013 af
Elli Eiríkjussyni sem var stjórnundur á Eju 1963*

Það er skemmst frá því að segja að Gunnar fór niður með bátnum en pabbi sem var á dekki náðist um borð í Esjuna eftir mjög skamma dvöl í sjónum en án lífsmarka og endurlífgun tókst ekki. Það var svo haldið inn til Akureyrar með líkið af honum.

Vélbáturinn Hafþór EA 102 fórst einnig og með honum fimm Dalvíkingar, um það stríð er enginn til frásagnar en daginn eftir rak lík Bjarmars Baldvinssonar skipverja á Hafþóri norðan Dalvíkur. Þannig háttaði til að á mörgum heimilum var útvarp sem náði svokallaðri bátabylgju og allmargir fylgdust með þessum harmleik í beinni

útsendingu. Þann 9. apríl urðu 13 börn og unglingar föðurlaus á Dalvík.



Það var fátt talað á Bjarkarbraut 7 þennan dag.



Um kvöldmat kom læknirinn og Alli bróðir mömmu með þær fréttir að pabbi væri dáinn. Mamma hafði legið fyrir og kom fram með mig hangandi við sig. Þegar þeir hafa fært henni þessar fréttir dregur Alli móðurbróðir sig í hlé og læknirinn býður mömmu sprautu til að hún geti jafnað sig á þessu. (orð móður minnar) Hún þáði ekki sprautuna og sagðist þurfa að hugsa um börnin sín. Þarna er ég rúmlega fimm ára og yngstur okkar systkina, Loftur bróðir 11 ára og Helga systir 8 ára. Þau voru ekki heima, líklegt er að einhverjar

ráðstafannir hafi verið gerðar til að svo væri. Ég hef trúlega verið talinn óviti og þess vegna heima hjá mömmu.



Næstu dagar voru einkennilegir í barnshuganum, tvær líkkistur í kirkju sveipaðar íslenska fánanum koma oft upp í huga minn og minningin um það þegar mér er haldið á lofti og sagt hvernig ég ætti að signa yfir pabba og Bjarmar. Það stóð til að jarða pabba og Bjarmar þann 17. apríl en þann dag átti mamma 41 árs afmæli. Hún tók það ekki í mál að jarða þann dag. Þeir frændur voru svo jarðaðir viku síðar. Á þessum árum tíðkaðist ekki að börn væru við útfarir þó svo að viðkomandi væri faðir hans. Eitt er að eiga í garði annað að fá ekkert heim, það er erfitt að taka almættið í sátt við þær aðstæður. Ég vissi til þess að ein þessara kvenna sem missti eiginmann í greipar ægis og jafnvel fleiri fóru með mömmu að kvöldlagi til kirkju fyrir útförina.



Kannski bara til þess að fá staðfestingu á að þetta hefði átt sér stað. Þegar jarðaför og minningarathöfn um þá sem sjórinn skilaði ekki var afstaðin, var lítið rætt um atvikið. Menn notuðu þá aðferð að ræða sem minnst um liðin atburð og einbeita sér að sínu. Þetta fór misvel með menn og konur, ég komst að því mörgum áratugum seinna, að margir urðu fyrir svo miklu áfalli að þeir/þær báru þess aldrei bætur. Ég kynntist því svo sjálfur rúmlega tvítugur þegar fjórir vinir mínir, frændur og félagar fórust á milli Dalvíkur og Hríseyjar aðfararnótt 17. júní 1978. Það var erfið reynsla að kveðja þá drengi í blóma lífs síns. Hafið skilaði engu í því tilfelli eins og svo oft áður.



Það varð mikill viðsnúningur á heimilinu, mamma fór fljótlega að vinna utan heimilis og amma tók virkan þátt í að dvelja fyrir mér með sögum frá þarsíðustu öld. Amma Guðrún var sterkur persónuleiki og mikil ættmóðir sem lét sér fátt óviðkomandi sem snéri að hennar fólki.

Smám saman komst sú vitneskja inn hjá stráknum að pabbi kæmi ekki aftur og voru þær stundir oft erfiðar og þá sérstaklega þegar félagarnir voru með báta og/eða bíla sem pabbar þeirra höfðu smíðað. Sjálfur leiddi ég ekki hugann að þeirri staðreynd að eins væri komið fyrir fleirum en mér enda var ekki búið að finna upp orðið félagslegur þroski. Okkar þroski fólst í því að gera það sama og feður okkar gerðu, sniglast í kringum höfnina og athafnalífið þar þegar skóladegi lauk. Við guttarnir vorum kallaðir bryggjupollar og ekki að ástæðulausu. Stela árabátum, skutla rauðmaga, lontur og silung. Mömmu var ekki rótt vitandi af stráknum þvælandi á bryggjunum öllum stundum og oft fékk ég lestur fyrir rifnar buxur, slor á peysu, skórnir illa lyktandi og stráksi blautur. Strákar eru strákar og oft var hún móðir mín sorgmædd yfir uppátækjum og athafnasemi minni en ástrík og blíð ef eitthvað bjátaði á hjá stráksa. Það var í sjálfu sér ekkert skrítið við það að við löðuðumst að höfninni. Bryggjan var staðurinn þar sem allt var að gerast, hrefna dregin á þurrt með olíubílum eða verkstæðistrukknum og fram á norðurgarðog skorin þar. Við guttarnir fengum svo að fara með vasahnífana okkar og tálga/skera inn við hrygginn í plastpoka og fara með heim, þar var þessu skellt á pönnu og þvílíkt nammi.



Loftur Baldvinsson

Oft kallaði einhver trillukallinn í mig og rétti mér ýsu, signa grásleppu eða sigin fisk og sagði eitthvað á þá leið, farðu með þetta heim til hennar mömmu þinnar góurinn og stundum var strokið yfir kollinn á stráksa. Mér þóttu strokurnar góðar.....

Svo var það fótboltinn og róluvellirnir á sumrin, leikjanámskeið og eitt og annað sem frískir krakkar stunduðu fyrir tíma sjónvarps, vídios og tölvuvæðingar en oft komu erfiðar stundir sem barnssálin réði illa við. Átta ára fékk ég mín fyrstu laun í síldinni á norður planinu sem föður og móðurfólkið mitt rak og gat stoltur fært mömmu aurana. Svona gekk þetta til fram á unglingsár er ég þurfti að nota þá sjálfur í eitt og annað..... Mamma lagði þá peninga sem ég önglaði saman sem barn inná reikning sem hún afhenti mér þegar ég náði 16 ára aldri. Hún hafði ekki notað krónu af þeim aurum. Hún var og er stolt 92 ára kona með stórt hjarta sem má ekkert aumt sjá.. Ég veit til þess að henni var boðin aðstoð, fyrir jól í nokkur ár eftir fráfall pabba sem hún þáði ekki.

Við föðurlausu börnin vissum hvert af öðru en þessi mál voru lítið rædd okkar á milli. Það sem þvældist lengi fyrir mér var það að ég vissi mjög lítið um pabba minn. Ég fór að spyrja þá sem stóðu mér næst út í það hvernig maður var hann pabbi minn. Þarna hef ég verið 10-11 ára og svörin sem ég fékk voru oft þögn og/eða að ég sá í bakhlutan. Stundum fékk ég almenna stutta mannlýsingu á pabba en það var bara ekki nægilegt fyrir strákin sem saknaði pabba síns sárt.

Pabbi var lagtækur smiður það vissi ég fyrir víst af þeim hlutum sem hann gerði fyrir okkur krakkana og einnig það sem hann smíðaði og enn stendur heima á Bjarkarbraut 7. Eitt atvik er ljóslifandi í hugskoti mínu en það er þegar ég fór með honum á uppboð eins og gjarnan tíðkuðust við fráfall einhvers en í þessu tilfelli var það smiðurinn á Jaðri sem var fallinn frá. Ég var á háhesti og pabbi þurfti öðru hvoru að beygja sig svo kollurinn á mér rækist ekki í loftabitana. Á þessu ferðalagi kom hann auga á Stanley hefil og beið þar til hann var boðinn upp og fékk. Þessi hefill er enn til. Þetta ásamt einhverju öðru varð til þess að snemma var ég farin að klambra og sagði frá fimm ára aldri að ég ætlaði að verða smiður sem og ég er í dag.

Tólf ára smíðaði ég mér lítinn bát við litla hrifningu mömmu og 16 ára lagði ég í hraðbát sem ég seldi fyrir sjósetningu og fjármagnaði fyrstu bílakaupin.

Aðstæður mínar í uppvexti voru samt allgóðar því amma, Guðrún Friðfinnsdóttir og þrjú ógift börn hennar þau Hildur, Guðjón og Björgúlfur Loftsbörn bjuggu á efrihæðinni á Bjarkarbraut 7. Mamma, Bergljót Loftsdóttir og pabbi bjuggu niðri með okkur þrjú börnin. Samgangur var mikill á milli hæða og jókst stórlega við fráfall pabba.

Unglingsárin liðu á Dalvík við leik og þau störf sem tengdust frístundabúskap bræðra mömmu, Gauja og Bonga. Þeir voru með 25 kindur á fóðrum og tölverða kartöflu og rófnarækt. Sumarið leið við að setja niður kartöflur, rófur, einnig mótekju og stússast í kringum fé, heyskap og svo þegar hallaði hausti var gengið eftir fé og réttað í hólunum ofan Dalvíkur. Á haustin voru miklar annir við slátrun og taka upp úr görðum og ganga frá til vetrar. Einnig var allnokkuð lagt inn af kjöti og garðamat hjá kaupfélaginu. Þeir bræður voru einnig tengdir útgerð Aðalsteins Loftssonar sem var bróðir þeirra. Gauri var allt í öllu á síldarplaninu ásamt Baldvini Loftssyni sem einnig var bróðir þeirra. Planið var einnig rekið af föðurbróðir mínum, Jóni Stefánssyni og var Bongu beykir og sá um allt er snéri að tunnum. Ég sem þjakkur hékk í kringum þá bræður öllum stundum og mætti segja mér að stundum hafi ég reynt á þolrifin í þeim, þó minnst ég þess ekki að þeir hafi sýnt það með nokkrum hætti. Þeir eiga miklar þakkir skilið fyrir þolinmæði og góða uppfræðslu á öllu því sem forvitið barn spyr um en þeir voru fáorðir sem og aðrir um pabba. Það fanst mér skrítið en taldi mér trú um einhverja hluta vegna væri það kannski skýring að hann væri af annari ætt. Ættir og ættartengsl voru sterk á þessum árum og vel var haldið utanum sitt fólk, það fékk ég skilið en það var samt mótsögn í þessum skilningi mínum er snéri að föðurfólki mínu.



Afi minn í móðurætt var löngu látinn en föðurafi Stefán Röggvaldsson var á lífi sem og Rannveig Jónsdóttir föðuramma mín.



Það hefur verið þungur harmur að missa tvo syni svona sviþlega. Minningar mínar um Rannveigu föðurömmu eru helstær þær að hún var afskaplega hlédræg og hæglát kona. Hún hafði sig lítið í frammi en trúað gæti ég því að hún léti sig sitt fólk öllu skipta. Hún lifði í rúmt ár eftir fráfall þeirra bræðra og var ég við kistulagningu hennar í Brúarlandi síðla árs 1964 í húsinu sem afi Stebbi byggði yfir sína fjölskyldu árið 1934.

Afi, Stebbi Röggur, eins og heimamenn kölluðu hann var farinn að daprast sjón á þessum tíma sem endaði þannig að hann varð blindur. Hann lést 1979 þá níraður. Gott þótti mér að heimsækja afa Stebba og fá að sitja hjá honum, gjarnan var útvarpið stillt á bátabylgjuna og hallaði gamli maðurinn sér í átt að viðtækinu til að heyra betur, þá strauk hann gjarnan annari hendi yfir kollinn á mér og sagði lágt, jæja góurinn, alloft. Mér þótti afskaplega vænt um þessar strokur og svo kom hendi sem fann mína og læddi samanbrotnum fimmkalli í lítinn lófa. En sem árin liðu fækkaði ferðum en seðlar stækkuðu. Við fengum aldrei að vera einir saman, það var alltaf einhver af föðurfólkinu viðstatt og það truflaði sambandið við gamla manninn fannst mér þá. Þar af leiðandi spurði ég aldrei þeirra spurninga sem leituðu á huga minn er ég gekk út í Brúarland eða fór á hjólinu mínu. Ég vildi ekki að aðrir heyrðu þær en gamli maðurinn sem mér þótti ofurvænt um.

Það var svo allmörgum árum seinna að Agnar bróðir þabba hefur samband við meistara minn, Þóri Pálsson til að smíða nýja glugga og hurðir í Brúarland sem var þá í eigu Agnars. Ég tók að sjálfsögðu þátt í smíðinni með mínum meistara og ísetningu glugga og hurða. Í framhaldi af þessu hafði Aggi samband við mig vegna meiri framkvæmda innanhúss sem fólust í því að endurnýja og einangra vegg í svokallaðri norðurstofu. Þar gerðist það sem ég hafði alloft leitt hugann að og snéri að því hvernig þaður var hann þabbi minn. Ég var að vinna við það að rífa innanúr umræddu herbergi og þá kemur Aggi með tvo bjóra og býður mér annan. Á þessum tíma sagði maður ekki nei við smygluðum bjór og við settumst niður og skáluðum, stuttu seinna kom annar umgangur og þá fór Aggi að segja mér eitt og annað um hann þabba og Gunnar bróður sinn. Þarna kom fram að þabbi hafði á sínum tíma innréttað þetta herbergi handa sér. Málsetningar, athugasemdir og margt fleira sem skrifað var á vegg allvíða með nettri stafagerð og fallegum tölustöfum kom í ljós þegar ég fjarlægði gamalt veggfóður og klæðningu var skrifað með hendi föðurs míns. Þarna drukkum við allnokkra bjóra í viðbót og grétum.....

Þessi stund með föðurbróðir mínum var og er mér mikils virði og einnig það að vera í handverkinu hans þabba. Þarna losnaði um marga gamla og harða hnúta í brjósti mínu. Aggi heitinn sagði þarna eitt og annað sem ég var lengi búinn að þrá að heyra, um skapgerð, mannkosti, heiðarleika, hjálpssemi og alla þá eiginleika sem prýða mega góðan föður. Ég fékk þarna staðfestingu á því sem ég hafði leitað eftir einhverjum áratugum áður. Þegar við Aggi hittumst daginn eftir var hann hálfheiminn við mig, ég gekk til hans og tók utanum hann hélt fast því hann reyndi að færast undan í fyrstu, svo slaknaði á honum og við felldum nokkur tár í viðbót. Samskipti okkar Agga urðu öll með öðrum hætti eftir að hafa deilt með okkur því sem hvíldi þungt á okkur báðum.

Þetta atvik í Brúarlandi varð þess valdandi að ég sá þessa hluti í öðru ljósi og jók skilning minn á því sem mér fannst fálæti föðurfólks míns. Svona hörmulegir atburðir kremja sterkustu hjörtu og skilja eftir svöðusár sem sum hver gróa illa.

Ekkert er eins heilagt og barnssálin, því hún trúir guði sínum og lifir í guði sínum, og sakleysið og hreinleikinn sem skín úr augum barnsins er endurskin af sál guðs, og bæni barnsins er andadráttur guðs. Halldór Laxness: Steinninn minn helgi.



Valur EA 110